

Bæjarstjórn Árborgar

b.t. Gísla Halldórs Halldórssonar bæjarstjóra



Eyrarbakka 4. maí 2020

Efni: Mundakotsskemma.

Á síðasta fundi stjórnar Bygðasafns Árnesinga þann 16. apríl var eftirfarandi fært til bókar:

Mundakotsskemma. Skemman hefur verið notuð í þágu safnastarfseminnar frá ca 1989 en hún var gefin Sjóminjasafninu á Eyrarbakka af Lilju Bjarnadóttur ekkju Ólafs Guðjónssonar í Mundakoti. Nú liggur fyrir að söfnin hafa ekki not af skemmuni lengur þar sem safnkostur hefur verið fluttur í betri geymslu að Búðarstíg 22. Stjórn Bygðasafns Árnesinga felur eiganda Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka, Sveitarfélaginu Árborg, að finna skemmuni nýtt hlutverk. Safnstjóra var falið að senda sveitarfélaginu erindi þess efnis.

Mundakotsskemma stendur við götuna Þykkvaflöt á Eyrarbakka og var reist um miðja síðustu öld af Ólafi Guðjónssyni bifreiðastjóra og vegaverkstjóra í Mundakoti til að hýsa vélakost sinn. Hann lést árið 1986. Í skemmuni var geymdur gamall vörubíll hans Ford árg. 1942. Ekkja Ólafs Lilja Bjarnadóttir kom síðar að máli við Ingu Láru Baldvinsdóttur umsjónarmann Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og bauð safninu bílinn. Safnið þáði bílinn en óskaði eftir því að hann yrði varðveittur í skemmuni áfram. Eitthvað er óljóst um framhaldið. Í ársskýrslu Sjóminjasafnsins fyrir 1989 er þar sagt frá því að safninu hafi verið leyft að koma fyrir ýmsum safnmunum í skemmuni. Í ársskýrslu 1992 er talað um Mundakotsskemmu sem geymslu safnsins. Í millitíðinni virðist Lilja hafa gefið Sjóminjasafninu á Eyrarbakka skemmuna.

Mundakotsskemman var því notuð frá 1989 til 2020 sem geymsla fyrir Sjóminjasafnið á Eyrarbakka og síðar einnig Bygðasafn Árnesinga eftir að farið var að samreka söfnin. Þar hafa verið geymdir stórir og grófir safnmunir eins og bílar, bátar, vélar, baðstofuviðir og fleira. Hefur verið þröngt um gripina. Hún var tæmd dagana 6. til 14. febrúar 2020 og safnkosti komið fyrir í glæsilegri geymslu Bygðasafns Árnesinga að Búðarstíg 22 á Eyrarbakka.

Nú er svo komið að Mundakotsskemman sem er í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka er ekki lengur notuð í þágu safnastarfseminnar. Hún er illa farin enda hefur sveitarfélagið eigandi safnsins ekki sinnt nægjanlega vel viðhaldi hússins í gegnum tíðina, en nauðsynlegt er halda áfram viðgerðum sem hófust um 1992. Skipta þarf um langhliðar, iðnaðarhurð og þakplötur.

Sveitarfélagið Árborg er eigandi Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka og tekur til ákvörðunar öll stefnumarkandi mál á starfsemi safnsins á vettvangi sínum. Stjórn Bygðasafns Árnesinga telur því að ákvörðun um framtíð Mundakotsskemmu skuli vera í höndum Svf Árborgar. Ljóst má vera af ofanrituðu að skemman var gefin safninu á sínum tíma í þágu nærsamfélagsins og leggur stjórn til að nýtt hlutverk hússins verði nýtt til uppbyggingar samfélagsins á Eyrarbakka. Það mætti líka selja hana og andvirðið nýtt til styrkingar safnanna á Eyrarbakka.

Virðingarfyllt,

Lýður Pálsson, safnstjóri Bygðasafns Árnesinga